



Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni:

Þann 13. nóvember lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um greiningu á tilvísunum sem bíða afgreiðslu í skólaþjónustu:

Flokkur fólksins óskar eftir nákvæmari greiningu á þeim 400 börnum/tilvísunum sem bíða eftir fyrstu þjónustu skólasálfræðinga. Einnig er óskað eftir sundurliðun og nánari upplýsingum um hópinn sem bíður eftir „frekari“ þjónustu. Hvað er verið að vísa í þegar talað er um „frekari“ þjónustu. Er sem dæmi átt við að þá liggi fyrir frumgreining (vitsmunaproskamat, ADHD og einhverfuskimun sem og mat á líðan) og verið sé þá að bíða eftir nánari úttekt eða fleiri viðtölum? Óskað er eftir upplýsingum um þetta. Ástæðan fyrir fyrirspurninni er sú að borgarfulltrúi Flokks fólksins finnst þessar tölur mjög háar. Á bak við hverja tilvísun er barn sem líður illa og á biðlista er barnið e.t.v. búið að bíða mánuðum saman.

Svar:

Í desember 2019 voru 452 börn á bið eftir fyrstu þjónustu. Í töflu 1 eru nánari upplýsingar um biðlistann, hvernig hann skiptist milli skólastiga og tegund ráðgjafar.

Börn sem bíða fyrstu þjónustu skólaþjónustunnar eru að bíða eftir úrlausn í kjölfar tilvísunar eða viðtalsbeiðni frá skóla eða foreldrum. Börnin gætu hafa fengið þjónustu frá sérfræðingi skólaþjónustunnar á fyrri skólaárum en þjónustunni hefur verið lokið.

Tafla 1. Fjöldi á biðlista eftir fyrstu þjónustu í skólaþjónustu í árslok 2019, skipt eftir tegund ráðgjafar sem óskað er eftir.

Tegund ráðgjafar	Bíður fyrstu þjónustu		
	Grunnskóli	Leikskóli	Samtals
Félagsráðgjafi	9	0	9
Hegðunarráðgjafi	20	32	52
Kennsluráðgjafi	19	0	19
Sálfræðingur	224	73	297
Sérkennsluráðgjafi	4	26	30
Talmeinafræðingur	10	111	121
Annað	6	1	7
Fjöldi barna með tilliti til skörunar¹	261	191	452

Með frekari þjónustu er átt við að barn hafi fengið fyrstu þjónustu sérfræðings skólaþjónustunnar en bíði eftir þjónustu talmeinafræðings eða ítarlegri greiningu. Sem dæmi má nefna grunnskólabarn sem hefur farið í gegnum skimunarferli hjá sálfræðingi en bíður eftir ítarlegri greiningu hjá sálfræðingi eða leikskólabarn sem hefur farið í gegnum greiningarferli hjá sálfræðingi og bíður aðkomu sérkennsluráðgjafa eða talmeinafræðings. Þau börn sem bíða frekari þjónustu hafa því fengið ákveðna þjónustu þrátt fyrir að þjónustu við þau sé ekki að fullu lokið.

Í töflu 2 eru nánari upplýsingar um biðlista eftir frekar þjónustu eftir skólastigum og tegund ráðgjafar.

Tafla 2. Fjöldi á biðlista eftir frekari þjónustu í skólaþjónustu í árslok 2019, skipt eftir tegund ráðgjafar sem óskað er eftir.

Tegund ráðgjafar	Bíður frekari þjónustu		
	Grunnskóli	Leikskóli	Samtals
Félagsráðgjafi	11	2	13
Hegðunarráðgjafi	6	4	10
Kennsluráðgjafi	20	5	25
Sálfræðingur	165	44	209
Sérkennsluráðgjafi	5	28	33
Talmeinafræðingur	9	29	38
Annað	2	1	3
Fjöldi barna með tilliti til skörunar	203	104	307

Rúmlega helmingur beiðna til skólaþjónustu eru vegna einbeitingarerfiðleika og málproskavanda.

Til að tryggja sem best að þau mál sem býnustu eru fá þjónustu strax er öllum beiðnum forgangsraðað eftir alvarleika máls og hvaða afleiðingar töf á veitingu þjónustu hefur, Um er að ræða fjögur þyngdarstig.

¹ Með skörun er átt við að börn geti beiðið eftir fleiri en einni tegund þjónustu.

1. Mál sem ekki þola bið. Börn í sjálfsvígshættu. Börn sem orðið hafa fyrir miklu áfalli s.s. ofbeldi, veikindum, andláti nákomins eða alvarlegum aðskilnaði.
2. Börn á síðasta ári í leikskóla, börn á yngsta stigi í grunnskóla eða í 10. bekk. börn með grun um alvarlegar þroskaraskanir/fatlanir.
3. Börn með alvarlega hegðunarerfiðleika, tilfinningaerfiðleika eða sértæka námsörðugleika.
4. Mál sem þola bið.

Flokkar 1 og 2 eru metnir forgangsflokkar, flest mál hafna í 3. flokki, eins og sjá má í neðangreindum töflum 3 og 4.

Tafla 3. Hlutfallsleg skipting barna á bið eftir fyrstu þjónustu í árslok 2019 eftir forgangsflokkum og skólastigum.

Forgangsflokkur	Grunnskóli	Leikskóli	Samtals
Flokkur 1	0%	2%	1%
Flokkur 2	2%	5%	4%
Flokkur 3	97%	93%	95%
Flokkur 4	1%	0%	0%
Samtals	100%	100%	100%

Tafla 4. Hlutfallsleg skipting barna á bið eftir frekari þjónustu í árslok 2019 eftir forgangsflokkum og skólastigum.

Forgangsflokkur	Grunnskóli	Leikskóli	Samtals
Flokkur 1	2%	9%	4%
Flokkur 2	17%	21%	18%
Flokkur 3	78%	70%	75%
Flokkur 4	3%	0%	2%
Samtals	100%	100%	100%

Árið 2019 bárust 2162 beiðnir til skólaþjónustu Reykjavíkurborgar vegna 1875 barna. Í árslok hefur þjónusta hafist eða verið lokið í málum 79% barnanna.

Fjölgun beiðna til skólaþjónustu hefur aukist um 23% á milli árána 2017 og 2019. Fjöldi barna sem þau varða hefur aukist um 18%. Árið 2017 voru 1.755 tilvísanir vegna 1.594 barna, árið 2018, 2.019 tilvísanir vegna 1.755 barna og árið 2019 voru 2.162 tilvísanir vegna 1.875 barna.

Fjöldi barna sem fá þjónustu innan þess árs sem tilvísun barst hefur að sama skapi aukist, úr 1.243 árið 2017, 1.457 árið 2018 og 1.481 á árinu 2019.

Tafla 5. Samantekt.

Ár	Fjöldi beiðna	Fjöldi barna	Hlutfall lokið/þjónusta hafin í árslok	Fjöldi barna/þjónusta hafin eða henni lokið
2017	1.755	1.594	78%	1.243
2018	2.019	1.755	83%	1.457
2019	2.162	1.875	79%	1.481

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir